



MBL©

Stór áfangi í húsnæðismálum framhaldsskólanna í Reykjavík

Samkomulag hefur tekist milli menntamálaráðuneytis og [Reykjavíkurborgar](#) um samstarf í húsnæðismálum framhaldsskólanna í Reykjavík.

Í sameiginlegri [yfirlýsingu](#) ráðuneytisins og borgarinnar kemur fram að heildarframlag ríkis og borgar til skilgreindra forgangsverkefna verði 250 milljónir króna á ári næstu fimm árin. Leggur ríkið fram árlega 150 milljónir en borgin 100 milljónir. Meðal forgangsverkefna er stækkun [Fjölbrotaskólans við Ármúla](#), [Menntaskólans við Hamrahlíð](#) (þ.m.t. íþróttahús), stækkun [Iðnskólans í Reykjavík](#) og [Fjölbrotarskólans í Breiðholti](#). Einnig verður þegar hafist handa við að meta með hvaða hætti húsnæðismálum [Menntaskólans við Sund](#) verði best hagað, því stækka þarf [Vogaskóla](#) vegna einsetningar grunnskóla.

Sérstaklega er fjallað um húsnæðisvanda [Menntaskólans í Reykjavík](#) í hinni sameiginlegu yfirlýsingu. Verður framkvæmdum við skólann skipt í tvo hluta; nýframkvæmdir og viðhald. Ber ríkið kostnað vegna viðhaldspáttarins sem unninn verður á næstu fimm árum en þá verður ráðist í nýframkvæmdir við skólann og stendur Reykjavíkurborg straum af kostnaði vegna þeirra, allt að 200 milljónum króna. Samkvæmt yfirlýsingunni koma fjármunir til viðhalds og nýframkvæmda við MR til viðbótar hinu árlega 250 milljóna króna sameiginlega framlagi sem rennur til annarra forgangsverkefna.

Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, sagði við undirritunina í hátiðarsal MR að þessar lyktir málsins væru afar ánægjulegar og að með þeim hefði náðst mikill áfangi í húsnæðismálum framhaldsskólanna í Reykjavík. Skólastjórar ofangreindra skóla sem viðstaddir voru undirritunina lýstu allir yfir mikilli ánægju með að samkomulag skyldi loks vera komið í höfn. Í niðurlagi hinnar sameiginlegu yfirlýsingar kemur fram að menntamálaráðherra og borgarstjóri telja að forsendur hafi nú skapast til að vinna með markvissum hætti að uppbyggingu framhaldsskólanna í Reykjavík á komandi árum.

Fjölgun nema á framhaldsskólastigi á undanförunum árum hefur gert stefnumörkun í húsnæðismálum framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fjölgunarinnar gætir mest, afar brýna. Það var því mikilvægur áfangi þegar Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, og Þórólfur Árnason, borgarstjóri, undirrituðu [yfirlýsingu](#) um samstarf ríkis og Reykjavíkurborgar í þessum efnum í hátiðarsal Menntaskólans í Reykjavík þann 2. september síðastliðinn.

Íslenskar bækur í brennidepli á Bókmenntahátíð

Á þriðja tug erlendra rithöfunda frá sautján þjóðlöndum og á annan tug íslenskra rithöfunda mun taka þátt í [Bókmenntahátíð í Reykjavík](#) dagana 7. – 13. september, en menntamálaráðuneytið hefur verið

helsti styrktaraðili hátíðarinnar frá upphafi. Bókmenntahátíðin er nú haldin í sjötta sinn.

Markmið hátíðarinnar er að efna til stefnumóts lesenda, höfunda og verka þeirra, auk þess að kynna brot af því besta sem býðst í alþjóðlegum bókmenntum. Þá munu íslenskar bækur einnig vera í brennidepli. Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, opnaði hátíðina og í ávarpi sínu ræddi hann m.a. um tengsl bókmennta og sjálfsmyndar Íslendinga. Til hátíðarinnar voru að þessu sinni veittar 1,5 milljón króna og jafnframt ákveðið að veita fé á næsta ári til undirbúnings sjöundu hátíðinni, sem ráðgert er að halda eftir tvö ár.

Vika símenntunar opnuð á tveimur stöðum á landinu með fjarfundarbúnaði



VIKA SÍMENNTUNAR

[Vika símenntunar](#) er haldin nú í fjórða sinn í ár og er yfirskrifin *Fjarnám og aðrar óhefðbundnar leiðir til náms*. Opunarhátíðin fór samtímis fram í Skriðu í Kennaraháskóla Íslands og í Egilshúsi í Stykkishólmi, en staðirnir voru tengdir saman með fjarfundarbúnaði.

Hlutverk Viku símenntunar er að kynna og leggja áherslu á mikilvægi og gildi símenntunar fyrir samfélagið, kynna þá fjölbreyttu námsmöguleika sem fólki stendur til boða að taka þátt í til að efla þekkingu sína og færni í atvinnulífnum og til að auka persónulegan þroska og lífshamingju. Lögð er áhersla á að hvetja einstaklinga jafnt sem fyrirtæki til að taka mið af þessum möguleikum í þjóðfélagi tækifæra og samkeppni þar sem örur tækniframfarir og alþjóðavæðing efnahagslífsins eiga sér stað.

Ýmsa viðburði er að finna á dagskrá Viku símenntunar. Má þar m.a. nefna sérstakan símenntunardag í fyrirtækjum, málþing og afhendingu starfsmenntaverðlauna. Nánari upplýsingar má finna á síðinni: <http://www.mennt.net/simenntun/> auk þess sem sérblaði um símenntun var dreift með Morgunblaðinu í upphafi Viku símenntunar þann 7. september sl.

11. september 2003

